

# Fundargerð 6. aðalfundar Vatns og fráveitufélag Íslands 2016

Haldinn: Brúnni í húsi Orkuveitunnar

Tími: 06.maí 2016 kl.12:00-13:00

Fundarstjóri: Reynir Sævarsson, fagstjóri vatns og fráveitu hjá Eflu

Páttakendur: Um 25 félagsmenn.

## Hefðbundin Aðalfundarstörf

Setning fundar og kjör fundarritara.

Reyni Sævarsson setti fundinn og stakk uppá að Arndís Ósk Ólafsdóttir yrði fundarritari og var það samþykkt.

### Aðalfundarstörf

#### a) Skýrsla stjórnar.

Hrund Andradóttir, Formaður VAFRÍ, las upp skýrslu formanns sem fallar um sögu félagsins, fjölda félaga, markmið með félagini og áherslur stjórnar á árinu 2015-2016. Greint var frá félagsviðburðum síðasta árs, uppfærslu vefsíðu félagsins, og innheimtu félagsgjálda.

#### b) Endurskoðaðir reikningar félagsins.

Íris Þórarinsdóttir las upp rekstrarreikning VAFRI 2015-2016. Eignir félagsins voru 258.352 í lok starfsársins 2015-2016. Rekstrarniðurstaða starfsársins var -130.534 kr í peningum.

#### c) Kosning stjórnar

Eftirfarandi aðilar gáfu aftur kost á sér í stjórn VAFRÍ

Hrund Ó Andradóttir, dósent við HÍ

Íris Þórarinsdóttir, tæknistjóri fráveitu Veitna

Arndís Ósk Ólafsdóttir, fagstjóri vatnsveitu Veitna

María Jóna Gunnarsdóttir, sérfræðingur á Vatnaverkfræðistofu, HÍ

Gunnar Steinn Jónsson gaf ekki kost á sér áfram.

Í staðin samþykkti Sigurjón Norberg Kjærnested frá Samorku að ganga inní stjórn.

Fundurinn samþykkti að Hrund Ó Andradóttir verði áfram skipuð formaður stjórnar.

Þessi 5 manna stjórn var samþykkt samhljóða af fundargestum. Hrund lagði til að stjórn myndi halda stjórnarfund fljótlega þar sem hún muni skipta með sér verkum.

#### d) Kosning skoðunarmanns til eins árs í senn.

Lagt var til að skoðunarmaður með félagini yrði áfram Hilmar Sigurðsson, var það samþykkt samhljóða.

e) Ákvörðun á félagsgjöldum

Hrund lagði til að félagsgjöld yrðu áfram 2.000 kr á einstakling, en jafnframt væri boðið uppá fyrirtækjaaðild, þar sem fyrirtæki undir 20 heildarstarfsmanna myndu greiða 10.000 kr í ársgjald og stærri fyrirtæki myndu greiða 20.000 í ársgjald. Fyrirtækjaaðild hefur einfaldað innheimtu fyrirtækjum með marga starfsmenn. Var sú tillaga samþykkt samhljóða af fundargestum.

f) Önnur mál

Áherslur á næsta ári: Í stað þess að hafa two stóra atburði á sitt hvorri önn stakk stjórn uppá því að hafa fleiri minni fyrirlestra dreift yfir starfsárið og leita til félagsmanna um efnivið fyrir fyrirlestranna.

Mývatn: Umræða skapaðist hvort félagið ætli að beita sér í þeim alvarlega vanda sem blasir nú við á Mývatni.

### Erindi: „Grugg í Grábrók“ , Guðmundur Brynjúlfsson.

Greint var frá sögu vatnsbólsins í Grábrók og þau vandamál sem sköpuðust vegna gruggs sem tengdust vatnsbólinu við ákveðnar aðstæður. Við upphaf vatnstöku í Grábrókarhrauni komu í ljós óhreinindi í vatninu. Gruggið er frábrugðið gruggi úr öðrum vatnsveitum; það er mjög fínt, gefur sterkan lit og stíflar síur ört. Með kom nýrri sjálfvirkri bakskolandi síu hefur góður árangur nást við hreinsun vatnsins.